

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	4.7.2017
Málsnr:	1610397
Bréfsl:	511



Skipulagsstofnun

Hafnarfjarðarbær

Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 28. júní 2017  
Tilvísun: 201706056 / 3.2

### Efni: Lýsing - Hjallabraut, íbúðarsvæði

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 14. júní 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 19. maí 2017, vegna breytingar á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagsлага.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að þetta byggð við austurhluta Hjallabrautar og skilgreina nýtt íbúðarsvæði fyrir 12 íbúðir í 1-2 hæða húsum á jaðarsvæði norðanverðs Víðistaðatúns OP2 að hraunjaðrinum, en á svæðinu er jafnframt hverfisvernd, HV1 og HV5. Austurhluta Hjallabrautar verður hliðrað til vesturs og umferðareyjar minnkaðar.

Skipulagsstofnun bendir á að við gerð skipulagstillögunnar og umhverfismat hennar þarf að gera nánari grein fyrir eftirfarandi atriðum.

Minnt er á að gera þarf grein fyrir áhrifum tillögunnar á umhverfið samanber grein 4.4.1 í skipulagsreglugerð og fjalla þarf um þörf fyrir aukið íbúðarhúsnaði í sveitarfélagit í samræmi við íbúaþróun og húsakost. Þá er tilefni til að bera saman kosti sem til greina koma varðandi staðsetningu nýrrar íbúðarbyggðar í sveitarfélagit og gera grein fyrir áhrifum á aðliggjandi íbúðarbyggð, samgöngur og samfélagsþjónustu.

Fyrirhugað breytingarsvæði er í dag óbyggt og hverfisverndað (HVc1) og (HVa5) bæði vegna náttúru og minja og jafnframt hluti af stærra útvistarsvæði. Gera þarf grein fyrir áhrifum breytingarinnar á hverfisverndina og nýtingu og aðgengi almennings að Víðistaðatúni.

Gera þarf grein fyrir hvernig tillagan samræmist svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og landsskipulagsstefnu.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir